

Reykjalundur endurhæfing ehf

18. fundur stjórnar 8. mars 2022 kl. 08.15-10.00 í Grímansfelli

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Haraldur Sverrisson, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri. Fundarritari er Helgi Kristjánsson.

Dagskrá.

- 1. Fundargerð 14. og 17. fundar til samþykktar og undirritunar.**
Samþykkt.
- 2. Horfur í rekstri.**
Tveggja mánaða uppgjör verður kynnt á næsta fundi.
- 3. Endurskoðun ársins 2021.**
Markmið að ársreikningur verði tilbúinn 10. júní n.k.
- 4. Lánasamningur SÍBS og Reykjalundar endurhæfingar ehf.**
Var samþykktur í stjórn SÍBS í byrjun mars.
- 5. Viðbót við legurými á Miðgarði.**
Framlenging á samkomulagi milli Sjúkratrygginga Íslands og Reykjalundar um tímabundna breytingu á samningi um þverfaglega endurhæfingu á Reykjalundi frá 28. febrúar s.l. hefur verið gerð til 30. júní n.k.
- 6. Framlag SÍBS til viðhalds s.l. 5 ár.**
SÍBS hefur lagt rúmlega 992 m.kr. til stofnkostnaðarverkefna frá árinu 2011.
- 7. Önnur mál.**
 - a. Fyrirhuguð heimsókn heilbrigðisráðherra rædd.
 - b. Árshátíð Reykjalundar. Verður haldin laugardaginn 9. apríl n.k.